

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson
Þróunarfulltrúi grunnskóla
vigfus@hafnarfjordur.is

MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á vigfus@hafnarfjordur.is. Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Nemendur eru um 3900 í nálægt 185 bekkjardeildum og kennarar eru yfir 400 í rúmlega 350 stöðugildum. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.
www.aslandsskoli.is
- Engidalsskóli.
www.engidalsskoli.is
- Hraunvallaskóli.
www.hraunvallaskoli.is
- Hvaleyrarskóli.
www.hvaleyrarskoli.is
- Lækjarskóli.
www.laekjarskoli.is
- Setbergsskóli.
www.setbergsskoli.is
- Víðistaðaskóli.
www.vidistadaskoli.is
- Öldutúnsskóli.
www.öldutunsskoli.is
- Barnaskóli Hjallastefunnar
www.hjalli.is/bsk7610

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Skólavefritið

5. ÁRGANGUR, 15. TBL.

9. JANÚAR 2009

Reglugerðir við ný lög um grunnskóla koma út

Ný lög um grunnskóla voru samþykkt á Alþingi sl. vor. Hluti nýrra laga eru að þeim fylgja margvíslegar reglugerðir. Með lögum um grunnskóla er gert ráð fyrir nálægt 15 reglugerðum. Sumt eru þá reglugerðir sem eru endurnýjun á eldri reglugerðum en aðrar eru nýjar.

Reiknað var við að reglugerðir kæmu út hratt og mikil vinna væri lögð í vinnu þeirra sem allra fyrst. Ein reglugerð leit dagsins ljós fyrir árslok 2008. Það er reglugerð um skólaráð grunnskóla sem kom á vef ráðuneytis þann 29. desember þótt sagt sé að hún hafi verið samþykkt þann 4. desember í sjálfri reglugerðinni.

Skólaráð eru nýjung í grunnskólastarfi og reglugerðin reynir að formbinda starfshætti og vinnubrögð þess. Reglugerðin er tvær bls. í A-4 broti.

Nemendur í Setbergsskóla.



Fríhugbúnaður til skólastarfs

Í **Skólavefritinu** hefur talsvert verið fjallað um upplýsinga- og samskiptatækni í skólastarf á liðnum árum. Það hefur ekki síst átt við fríhugbúnað og fríar vefþjónustur sem geta nýst í skólastarfi. Jafnframt hefur ritstjóri haldið úti vefsíðu á vegum fræðslusviðs þar sem vísað hefur verið á margvíslegan fríhugbúnað sem gæti nýst kennurum. Þegar breyting var á vefsvæði Hafnarfjarðarvefsins á síðasta ári aftengdist þessi síða (þótt hún sé ennþá til).

Þar sem tenging er ekki lengur í þennan hugbúnað á vef Hafnarfjarðarbæjar hef-

ur ritstjóri fært þessar vefvísanir á nýja vefslóð undir merkjum **Samtaka áhuga-fólks um skólaþróun** (www.skolathroun.is). Þar hefur því verið haldið áfram því starfi sem hófst á vef Hafnarfjarðarbæjar. Því er áhugasömum kennurum bent á þetta nýja vefsvæði í staðinn fyrir vef bæjarins. Jafnframt hefur nýja vefsíðan verið þróuð frekar, efníð flokkað nánar og aukið frá því sem var á vef Hafnarfjarðarbæjar.

Jafnframt verður sérstakt átak í **Skólavefritinu** tengt fríhugbúnaði og fríum vefþjónustum á vorönn.

Þannig verður fræðifrisndákl-inum á baksíðu blaðsins breytt í umfjöllun um fríhugbúnað í stað umfjöllunar um ýmislegt kennslufræðilegt efni og veftækt efni því tengt. Hugmyndin er að í hverju blaði verði fjallað um eina tegund hugbúnaðar, t.d. myndvinnslu, margmiðlun og skrifstofuforrit. Umfjöllunin hefst í dag með almennri umfjöllun um fríhugbúnað og félagslegt hlutverk hans.



Skólaþróun

SKÓLAÞRÓUN.IS



Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

» Fjárhagsáætlun bæjarins fyrir árið 2009 var samþykkt í bæjarstjórn í vikunni. Í henni er gert ráð fyrir aðhaldi í rekstri og framkvæmdum í allri starfsemi hjá bænum á árinu.

» Nýtt frá Námsgagnastofnun: **Leikir og þrautir** eru nýtt ítarefni í stærðfræðinámi. Verkefni eru fjölbreytt og reyna á marga þætti stærðfræðinnar, m.a. rökhugsun, reikniáðgerðir, rúmfræði og talnaskilning. Ætlað öllum aldri. **Ég heiti Grímar**



er ný auðlesin spennandi saga ætluð til kennslu á mið- og elsta stigi. Höfundur er Áslaug Jónsdóttir. Bókin er 55 bls. og hentar

sérstaklega nemendum sem hafa íslensku sem annað tungumál.

María Pálmadóttir, skólustjóri Setbergsskóla, með nemendum sem tóku á móti lestrarviðurkenningum fyrir bekki sína fyrir jól.



Af hverju frír og opinn hugbúnaður?

Frír og opinn hugbúnaður snýst um frelsi til að skapa án fjárhagslegra hindrana. Það lýsir á einhvern máta hugmyndafræði þeirra sem aðhyllast það að allur almenningur eigi að hafa aðgang að hugbúnaði frítt - líkt og fólk eigi að fá að læra að lesa og lesið bækur frítt í skóla og á bókasöfnum. Þannig sé spurningin um frían hugbúnað réttindabarátta um aðgang að fríri menntun og opnu aðgengi að upplýsingum - og skapa nýjar upplýsingar frítt.

Íslenska ríkið hefur sett

fram stefnu um opinn og frían hugbúnað og mælt með notkun hans í opinberum rekstri. En hvað gerir ríkið til þess? Þannig er lítil sem enginn opinber stuðningur við frían hugbúnað, t.d. í formi þýðingastyrkja (mér vitanlega). Margvíslegur frír hugbúnaður er þó til á öðrum norrænum tungumálum. Opinn hugbúnaður er þannig sjaldan á íslensku þótt einstaka undantekningar séu á því sem unnið hefur verið af áhugasömum einstaklingum á Íslandi. Dæmi um slíkan hugbúnað er vefnám-

Fríhugbúnaður

sumhverfið Moodle (www.moodle.org) og teikniforritið Tuxpaint (www.tuxpaint.org) sem ætlað er ungum börnum. Einhver athyglisverðasti opni og fríi hugbúnaðurinn er OpenOffice en hann er ekki til í íslenskri útgáfu. Hann væri mjög æskilegur fyrir skólastarf á Íslandi. Hvernig væri að til kæmi opinber stuðningur til að þýða hann?

Á vef **Samtaka um skólaþróun** má finna tengingar í vefi sem miðla forritum frítt og þar eru líka vísanir í úrval frírra forrita fyrir kennara.

VEFSLÓÐ: <http://www.skolathroun.is/?pageid=48>

Hver þarf ekki á spakmælum að halda?

Tungumálið er lykill til skilnings á veruleikanum. Þannig eru sumar orðasamsetningar áhrifaríkari en aðrar. Stundum fá þær að njóta slíks í tungumálinu sjálfu og við nefnum slíkt

málshætti eða spakar tilvitnunar. Vefur sem kynnir spakmæli og vitur orð er til á íslenska. Á honum er safnað saman ýmsum flegum til-

vitnunum og spekisetningum sem ýmsir hugsuðir sögunnar hafa skilið eftir sig. Vefurinn [tilvitnun.is](http://www.tilvitnun.is) er þessi vefur

TILVITNUN.IS

og hefur hann nýlega verið uppfærður. Hann er þó í reynd yfir 10 ára gamall. Á honum er að finna speki íslenskra sem útlendra

VEFSLÓÐ: <http://www.tilvitnun.is/>

Vefhornið

spekinga, lifandi sem liðna. Á vefnum eru yfir 3000 spakmæli, málshættir o.þ.h. Vefurinn er með leitarlél en einnig er hægt að finna spakmælin eftir hugsuðum. Hann ætti að geta verið hjálparvefur í

ýmsum námsgreinum, s.s. íslensku, ensku (sum spakmælin eru á ensku), samfélagsgreinum og lífsleikni.



Börn í Kór Lækjarskóla

Tilkynning vikunnar

Námskeiðahaldið á vorönn er í undirbúningi. Síðar í janúar verður sendur út nýr námskeiðsbæklingur sem kynnir þau námskeið sem verða í boði til vors. Kennarar munu fá hann sendan í tölvupósti og skráning á námskeið hefst þegar hann best til þeirra.

Næsta blað Skólavefritsins er væntanlegt föstudaginn 16. janúar 2009